Íslenzkir vesturfarar.

Íslenzkir vesturfarar, rúmlega 50 talsins, komu til Winnipeg að kveldi 31. júlí sl. Meðal þeirra, sem voru í þessum hóp, voru: Hr. Einar Hjörleifsson, í fyrirlestra erindum um byggðir Íslendinga vestanhafs, hr. Jón Runólfsson, sem fyrrum dvaldi í Gimli sveit, Winnipeg og síðar í Minnesota, Grímur Laxdal, kaupmaður af Akureyri, Jakob Espólín, sem áður bjó í Norður Dakota og Sigtryggur Kristjánsson frá Kasthvammi í Þingeyjarsýslu, með fjölskyldy sína alla. Annars var fólk þetta samtíningur víðsvegar að á landinu. Það fór frá Akureyri 9. júlí og síðast frá Íslandi 11. s. m., með "Vestu", kom til Glasgow 15. og fór þaðan 20. s. m. Í Quebec lenti það þann 28. eftir góða sjóferð, þó nokkuð rigninga og kuldasama. Það kom með Allanlínu skipinu "Ionian". Það mun flest eða alt eiga ættingja og vini hér vestra. Væntanlegur er annar hópur, þm 30 manns, síðar í þessum mánuði. Í fréttum sagði fólkið tíðarfar á Norður og Austur- [illegible] nálega dag- [illegible]ini á Norð- [illegible]niður undir [illegible] talsverður. [illegible]títill um alt [illegible]sumum ver- [illegible]nema Lælzt Eyjafjörð

CORRESPONDENCE HERE

NAME AND ADDRESS HERE

Elskulegasti!

Gleðileg og farsæl ár.

Mér datt í hug að þér mundi ekki hafa gaman af að eiga eina ómyndina af mjer enn þann sjerða hef enga. Þórður minn er vænn. Karlinum líður höfuð. Mr. Karl Kvæðu [illegible] Kysstu börnin fyrir [illegible] G. Laxdal

Mr. Grímur Laxdal kom hér til bæjarins um síðustu helgi vestan frá Vatnabygðum. Kvað hann uppskeruhorfur ekki góðar þar vestra. Mr. Laxdal dvelur nokkra daga hér í bænum og mun einnig fara norður að Árborg til þess að heilsa upp á börn sín og vandamenn er þar lifa.

Guðrún Laxdal

ekkjufrú

andaðist á nýársdag á heimili dóttur sinnar á Raufarhöfn. Hún var 72 ára gömul.

Guðrún var dóttir Gríms Laxdals sem lengi var bókbindari og vel metinn borgari á Akureyri um miðja síðustu öld. Hún var alsystir kaupmanns Eggerts Laxdal hér í bænum.

Hún giftist ung Jóni skipstjóra Guðmundssyni og bjuggu þau hjón á Akureyri framundir síðustu aldamót þar til Jón andaðist. Svo var Guðrún ýmist hjá Eggert bróður sínum eða Grími syni sínum. Í fyrra flutti hún til Pálínu dóttur sinnar á Raufarhöfn.

Guðrún sál var greind kona, mikilhæf og vönduð, eins og hún átti ætt til, atkvæðamikil og umhyggjusöm húsmóðir, trygglynd og ættrækin. 3 börn hennar fulltíða eru á lífi.

1. Grímur Laxdal, bóndi í Ameríku áður verzlunarstjóri á Vopnafirði.
2. Jón Laxdal, tónskáld í Reykjavík.
3. Pálína, gift Jóni kaupmanni Einarssyni á Raufarhöfn.